



Náttúruverndarstofnun
Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur
Íceland

Garðabær, 3.2.2025

Málsnúmer: 202501-0101

LA

Efni: Umsögn um undanþágu frá friðlýsingarskilmálum í Þjórsárdal. Niðurdælingarholur.

Vísað er í tölvubréf frá Náttúruverndarstofnun sem barst 24. janúar 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um beiðni Rauðukamba ehf. sem sækir um breytingu á framkvæmdaleyfi til borunar á friðlýstu svæði við Rauðukamba í Þjórsárdal. Breytingin felst í borun tveggja niðurdælingarhola, SL-11 og SL-12, ásamt lagnaleiðum neðanjarðir í tengslum við þær.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér beiðni Rauðukamba ehf. og fylgiskjöl. Þetta er í þriðja skipti á síðasta hálfa ári sem framkvæmdaraðilar óska eftir breytingum í tengslum við borholur og lagnir frá þeim. Í lok júlí 2024 var t.d. óskað eftir borun á einni niðurdælingarholu en staðsetning hennar var ekki ákveðin. Ekki kemur fram í þessari umsókn hvort sú hola sé önnur af þeim tveimur niðurdælingarholum sem nú er óskað eftir, eða hvort um viðbót sé að ræða. Í minnisblaði um áhrif á vatnshlot er ekki að sjá að gerð sé grein fyrir borholu SL-07 eða hlutverki hennar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að veitt sé leyfi fyrir niðurdælingarholum, en áður en til þess kemur telur stofnunin mikilvægt að gerð sé grein fyrir nýtingarleyfi Umhverfis- og orkustofnunar þar sem fram kemur fjöldi borhola innan framkvæmdasvæðis og umfang vatnsnýtingar (l/s) á heitu og köldu vatni, s.s. meðalnýting á ári og hámarksnýting á hverjum tíma. Mikilvægt er að fyrirhuguð vatnsnýting við Rauðukamba og niðurdælingarholur séu í samræmi við útgefið nýtingarleyfi.

Náttúrufræðistofnun vill ítreka fyrri ábendingar sínar um að hlífa gervígígum svæðisins fyrir raski og að óheppilegt sé að sífellt þurfi að bæta við borholum umfram það sem áður hefur komið fram t.d. í mati á umhverfisáhrifum. Afar brýnt er að fylgst sé reglulega með jarðhitakerfinu og áhrifum vatnstökunnar á grunnvatnshlot svæðisins.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Jarðfræðingur